



Alþingi

Nefndarsvið  
150 REYKJAVÍK*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 131/351*  
*komudagur 2.12.2004*Reykjavík, 1. desember 2004  
Tilvísun: 2004110035**Umsögn um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, 192 mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, 192 mál.

Efni frumvarpsins snýst um að leggja niður Hollustuháttaráð sem í sitja 9 fulltrúar, þar af 1 frá ASÍ, og setja í staðin á laggirnar samstarfsnefnd 3ja fulltrúa ráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka atvinnulífsins. Rökin fyrir þessari tillögu er að finna í athugasemdum með frumvarpinu. Þar segir m.a.:

*Í ljósi þeirrar reynsiu sem fengin er af störfum ráðsins hafa Samtök atvinnulífsins og Samband íslenskra sveitarfélaga lagt á það áherslu að hlutverki ráðsins og samsetningu verði breytt þannig að um verði að ræða lögbundið samráðsferii er snýr að umhverfissráðherra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum atvinnulífsins enda eingöngu um að ræða atriði er varða atvinnustarfsemi. Enn fremur þykir rétt að ráðinu sé einnig ætlað að hafa frumkvæði að því að taka upp slík mál við ráðherra og sveitarfélögin. Því er lagt til að í stað hollustuháttaráðs skipi ráðherra samstarfsnefnd til fjögurra ára í senn sem fari með hlutverk ráðsins og geti auk þess haft frumkvæði að því að taka upp mál og að í nefndinni eigi sæti fulltrúi ráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka atvinnulífsins*

Þá segir á öðrum stað að:

*Aðkoma .... orkar einnig tvímælis enda vart hlutverk þess að fjalla um starfsemi sem snýst um kostnað atvinnulífsins við rekstur heilbrigðis- og mengunareftirlits og hið sama er að segja um ASÍ.*

Hér kveður við nýjan tón varðandi samráð stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins er varða málefni atvinnulífsins.

Annars vegar kemur fram að breytingin byggi á tillögum Samtaka atvinnulífsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ekkert samráð hefur verið haft við ASÍ um málið eða tillögu frumvarpsins.

Hins vegar segir að þar sem starfsemin snúist um kostnað atvinnulífsins við rekstur heilbrigðis- og mengunareftirlits, orki aðkoma ASÍ tvímælis sé það



vart hlutverk ASÍ að fjalla um starfsemi sem snýst um kostnað atvinnulífsins við rekstur heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits. Engin rökstuðningur fylgir þessari fullyrðingu. Þá er algerlega litið framhá mögulegri og raunverulegri skörun viðfangsefnis þessara laga við aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustað og aðbúnað starfsmanna, eins og ítrekað hefur komið fram, nú síðast í tengslum við framkvæmdirnar við Kárahnjúka.

Í ljósi framanritaðs lýsir Alþýðusamband Íslands yfir furðu sinni á efni frumvarpsins og þeim skilaboðum sem í því felast. Jafnframt gerir ASÍ kröfu til þess að efni frumvarpsins verði breytt og aðild ASÍ að samráðsnefndinni tryggð.

Virðingarfyllt,

Halldór Grönvold,  
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ